

Ed.

Sl. Nefndarállit

um frumvarp til laga um sölu á 7 hndr. að fornu mati í kirkjujörðinni Tungu ásamt skógarítaki.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd efri deildar, sem þessu máli var vísað til, hefir athugað það á fundum sínum.

Nefndin sá undir eins, að tvær aðal-hliðar voru á málinu, sem þurfti að athuga:

1. Hvort selja bæri jörð þessa og skógarítak, og
2. með hvaða verði, ef selt væri.

Hvað fyrri atriðið snertir, þá virtist nefndinni í svipinn, að efasamt væri, hvort það væri rjettlátt að taka þannig fram fyrir hendur á ábúanda og hlutað-eigandi hreppsfjelagi, ef kaupa vildu, en þar sem vjer saum á skjölum málsins, að fyrir nokkrum árum hafði þáverandi ábúandi leitað kaups á jarðarhluta þessum, en sýslunefnd synjað kaupanna, vegna þess hvað jörðin lægi nálægt Ísafj.-kaupstað, og að fremur bæri að selja kaupstaðnum fasteign þessa en einstökum manni, þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ekkert verulegt væri í vegi fyrir því að selja fasteign þessa Ísafjarðarkaupstað.

Hvað skógarítakið snertir, þá álitur nefndin, að sjálfsagt sje að selja bæn-um það, því að þá verði skóginum betur borgið en í höndum ábúanda jarðar-innar, enda er það sjerstök eign, jörðinni óviðkomandi. Þá er síðara atriðið, verð jarðarhlutans og skógarítaksins.

Sje tekið nokkurt tillit til þess leigumála, sem nú er á jörðinni, þá virðast 4000 kr. vera sæmilegt verð, því að nú, og á meðan sami ábúandi er á jarðarpartinum, gefur hann ekki meira af sjer en sem svarar vöxtum af 2000 kr. höfuðstól í hæsta lagi, en þar sem jörðin liggur á þessum stað, virðist nefndinni alls ekki unandi við lægra verð en 4000 kr., en brestur kunnugleika til þess að rökstyðja hækkun á verðinu. Skógarítakið sjáum vjer að hefir verið virt á 200 kr., og finnur nefndin ekki ástæðu til hækkunar þar.

Að þessu yfirveguðu, ræður nefndin hinni háttv. efri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt, að öðru leyti en því, að hún leggur til, að fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

FRUMVARP

til laga um sölu á kirkjueigninni, 7 hndr. að fornu mati, úr Tungu í Skutilsfirði, ásamt skógaritaki þar.

Efri deild Alþingis, 14. júlí 1917.

Hjörtur Snorrason,
formaður.

Guðjón Guðlaugsson,
framsögumaður.

Guðmundur Ólafsson.